

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Skaftárhreppi.

Fjaðrárgljúfur, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum 29. júní 2023 breytingu á deiliskipulagi fyrir Fjaðrárgljúfur.

Breytingin felst í stækkun á bílastæði og færslu á því fjær Fjaðrárgljúfrinu. Einnig er gert ráð fyrir nýju og stærra þjónustuhúsi.

Skipulagið hefur hlotið meðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Kirkjubæjarklaustri, 5. júlí 2023.

F.h. Skaftárhrepps,

Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 19. júlí 2023